

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um rekstrarúttekt á Félagsbústöðum

Borgarstjórn samþykkir að fela innri endurskoðanda Reykjavíkur að gera rekstrarúttekt á Félagsbústöðum. Einnig úttekt á öryggi leigutaka og formi leigusamninga með tilliti til stöðu leigutaka. Úttektin skal liggja fyrir eigi síðar en á fyrsta borgarstjórnarfundum í september.

Greinargerð:

Leiguverð á íbúðum Félagsbústaða hefur í einhverjum tilfellum verið að hækka og er að sliga marga leigjendur. Einnig hafa fjölmargar ábendingar og kvartanir borist um að húsnæði á vegum Félagsbústaða sé ekki haldið við sem skyldi.

Óskað er eftir úttekt á rekstri félagsins, þar sem farið er yfir launamál stjórnenda þess, stjórnarhætti og hlutverk fyrirtækisins m.a. í ljósi misvísandi upplýsinga um annars vegar hagnað og hins vegar ríka fjárþörf. Það er ýmislegt sem orkar tvímælis þegar rýnt er í rekstur félagsins en það skal ekki rekið í ágóðaskyni. Í ljósi þess er athyglivert að Félagsbústaðir hafi sýnt svo mikinn hagnað á liðnu ári. Óskað er eftir að svarað verði spurningum um það hvernig hinn mikli hagnaður félagsins er myndaður og hvernig þessir liðir eru færðir í bókhaldi félagsins.

Í úttektinni þarf m.a. að svara hvernig vinnubrögð eru viðhöfð við endurmat eigna og færslu bókhalds í því sambandi. Er núverandi rekstrarform sem best til að þjóna hagsmunum notenda?